

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

MARS 2013



3. tbl. 16. árg.



Frumherji
Bifreiðaskoðun
Hólmastóð 2
Sími 570 9000
www.frumherji.is



Wilson's PIZZA
S. 581 15 15
3 staðir 1 símanúmer
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



Slökkvitæki ehf
Hleðsla - Sala - Þjónusta
Helluhrauni 10 - Hfj.
Sími 565-4080
Verslun við litla manninn

- bls. 4
Leyndarmál á Freyjugötu

- bls. 7
Konungur Ljónanna í Hagaskóla

- bls. 13
Rattleikir í Þjóðminjasafninu



Handverk er bæði þarft og gefandi. Þarna var unnið kappsamlega að sameiginlegu verki, skapandi list.

Þemadagar voru í Vesturbæjar-skóla í síðustu viku, og var þemað „Listir og sköpun.“ Nemendur völdu sér eitt viðfangsefni, en í boði var dans, leiklist og tónlist, myndlist, hand-

verks horn og hreyfing. Góð þátt-taka var í öllum hópunum og mikil starfsgleði ríkjandi. Farið var í heimsókn í Þjóðleikhúsið, Þjóðminjasafnið og fleiri staði og farið í göngutúra vítt og breitt. Það er

afar mikilvægt að skólastarfið sé brotið upp reglubundið án þess að það komi niður á hefðbundnu námi og að námskrá sé fylgt.



icelandic FISH & CHIPS
Organic bistro
Tryggvagötu 8 / 101 Reykjavík
Sími/Tel +354 5 11 11 18



Hringbraut 119
Sími: 55 44444



Slökkvitækja-þjónustan
564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!



PANTABU Á NETINU
www.dominos.is sími 58-12345



552-2440
TAXI
Borgarbilastöðin ehf.
15% afsláttur
fyrir eldri borgara og
öryrkja miðað við staðgreiðslu



Fljótt og Gott
HEIMILISMATUR ALLA DAGA
FRÁ KL. 10.00 TIL 21.00
ALLTAF NÆG, FRÍ BÍLASTÆÐI
FLJÓTT & GOTT UMFERÐAMIÐTÖÐIN
www.fljottoggott.is



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



Jarðarber kr. **298.-**
askjan

Melabúðin
þín verslun
Sími 551-0224

Tilboð á páskalambinu!

læri, hryggir og fillet með fiturönd - gildir fram á annan í páskum, eða á meðan birgðir endast **Gleðilega páska!**

Opið um páskana:

Fimmtudaginn 28. mars, skírdagur 10-20

Föstudaginn langa, LOKAÐ

Laugardaginn 30. mars 10-20

Páskadag, LOKAÐ

Annan í páskum, 1. apríl 12-20



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík • Sími: 511 1188

Ritstjóri: Geir A. Guðsteinsson, Sími 564 5933, 898 5933

Netfang: geirgudsteinsson@simnet.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

3. tbl. 16. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107 og 101.

Mannréttindi og fornminjar

Mannréttindi eru varin í stjórnarskrá Íslands, sem og í fjölmörgum mannréttindasáttmálum og yfirlýsingum sem Íslendingar eiga aðild að. Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar eru mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar og alþjóðlegir sáttmálar lagðir til grundvallar. Mannréttindastefnan er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Reykjavíkurborg hefur jafnræði borgaranna og mannréttindi að leiðarljósi í öllu starfi og hefur einsett sér að vera í fararbroddi í mannréttindamálum með sérstakri áherslu á jafna stöðu kvenna og karla. Með því að vinna eftir samræmdri mannréttindastefnu er lögð áhersla á heildstæða sýn í þágu borgarbúa þar sem margir tilheyra fleiri en einum þeirra hópa sem hún nær til. Framtíðarsýn í stefnukorti Reykjavíkurborgar er „Reykjavík er alþjóðleg borg þar sem lífsgæðum, óskum og þörfum borgarbúa er skipað í öndvegi.” Borgaryfirvöld hafa skuldbundið sig til að vinna að mannréttindum á fjórum meginsviðum sem endurspeгла hvert um sig margþætt hlutverk og skyldur sveitarfélags: sem stjórnvalds, sem atvinnurekanda, sem veitanda þjónustu og sem samstarfsaðila þeirra sem vilja beita sér í þágu mannréttinda. Mannréttindastefna er góð gild, en hver sér um að henni sé fylgt eftir hjá borginni? Er það bara talið sjálfsagt að henni sé fylgt og allt talið gott og blessað nema einhver kæra berist? Kannski, en borgarstarfsmenn verða sjálfir að vera meðvitaðir um framkvæmd hennar og láta vita ef þeir telja að á henni sé brotið.

Í Vesturbænum eru mörg gömul hús, mörg þeirra eru friðuð vegna aldurs þeirra. En í Vesturbænum er líka hús sem varðveitir söguna, þ.e. Þjóðminjasafnið á Melunum sem fagnar nú 150 ára afmæli. Vigdís Finnbogadóttir, formaður afmælisnefndar, segir af þessu tilefni að engin framtíð sé til án fortíðar. Æskan er framtíðin og besta veganesti hennar til mannvits og skilnings er að þekkja vel það sem á undan er gengið, kjör og athafnir þess fólks sem áður lifði í landinu. Það er því við hæfi að 150 ára afmælishátíð Þjóðminjasafns Íslands sé helguð íslenskri æsku. Margir skólar utan af landi hafa það markmiði þegar komið er til Reykjavíkur að heimsækja Þjóðminjasafnið en þar er gnægð heimilda um sambúð þjóðarinnar við landið og umheiminn sem mikilvægt er að allir hafi aðgang að. Einnhverjir leikskólar í Vesturbænum hafa heimsótt Þjóðminjasafnið og einhverjir grunnskólanna, jafnvel allir. Vonandi er ekki svo að Þjóðminjasafnið sé of nálægt skólunum í Vesturbænum, talið að alltaf sé hægt að skjótast þangað en svo verður kannski aldrei neitt úr efndunum. Skólarnir í Vesturbænum gæti t.d. haft það að markmiði á hverju ári að nemendur í 7. bekk eða í öðrum bekkjum færi í heimsókn á safnið og skrifuðu síðan stutta ritgerð um umlifun sína af þeirri heimsókn, hvað þótti þeim merkilegast og hvað kom mest á óvart. Það er hægt að finna ótal mörg tilefni.

Geir A. Guðsteinsson

S T U T T A R B O R G A R F R É T T I R

Færsla potts vekur hrifningu Hverfisráðs Vesturbæjar

Á síðasta fund Hverfisráðs Vesturbæjar komu auk nefndarmanna Sigrún Skaftadóttir fulltrúi Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar og Elísabet Huld Þorbergsdóttir fulltrúi Ungmennaráðs Vesturbæjar auk Harðar Heiðars Guðbjörnssonar sem ritaði fundargerð. Steinþór Einarsson frá ÍTR kom og kynnti nýjar hugmyndir um framkvæmdir við Sundlaug Vesturbæjar, en fyrirhugaðar eru breytingar og þá helst sú að bæta á við stórum potti. Hann fór yfir þær tillögur og athugasemdir sem komu fram hjá sundlaugargestum. Miðað við núverandi stöðu á að færa pottinn í samræmi við athugasemdir sundlaugargesta og með því móti er einnig verið að koma til móts við flestar ábendingar sem bárust. Almenn ánægja fundarmanna var með þessar breytingar. Fyrirhugað er að framkvæmdir hefjist í ágúst 2013 miðað við núverandi stöðu. Betri Reykjavík – betri hverfi: Umræður voru um þær tillögur sem hafa borist inn á vefinn www.betri-reykjavik.is vegna Betri Reykjavík – betra hverfi. Fundarmenn voru beðnir um að skoða það sem þar hefur komið fram og allir hvattir til að taka þátt og hvetja jafnframt aðra til að taka þátt í kosningu sem fer fram í mars um þau verkefni sem verða valin. Kosid verður um allt að 30 verkefni.

Öryggi vegfarenda á Ægisíðu

Á fundi skipulagsráðs Reykjavíkurborgar var lagt fram bréf íbúa þar sem óskað er eftir að brugðist verði við með afgerandi hætti að tryggja öryggi óvarinna vegfarenda á Ægisíðu, lækka hraða og koma í veg fyrir aukningu bílaumferðar um götuna áður en framkvæmdir við Hofsvallagötu hefjast. Erindi íbúanna var vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs, samgönguskrifstofu.

Reyndarteikning vegna Reynimels 50

Á fundi byggingafulltrúa Reykjavíkurborgar var fyrir skömmu lagt fram erindi Inga Þórs Vöggssonar þar sem sótt er um samþykkt á reyndarteikningu, þar sem gerð er grein fyrir áður gerðri íbúð í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 50 við Reynimel.Erindi fylgdi sameignarsamningur dags. 27. nóvember 1975 og þinglýst breyting á skiptayfirlýsingu dags. 25. mars 1993, íbúðarskoðun byggingarfulltrúa dags. 28. september og 3. október 2012. Afgreiðslu var frestað og vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

Engin vatnsrennibraut

Á fundi íprótta- og tómsundaráðs Reykjavíkur lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram bókun þar sem segir: „Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lýsa yfir ánægju sinni með tillögu um barnapott við Vesturbæjarlaug. Hins vegar er lýst yfir vonbrigðum með að í uppdráttum skuli ekki gert ráð fyrir þeim möguleika að vatnsrennibraut verði komið fyrir á svæðinu. Hægðarleikur væri að koma slíkri braut fyrir á svæðinu án þess að svipmóti og sjarna gömlu þegar innar væri raskað. Þá er harmað að í vinnu við framtíðarskipulag Vesturbæjarlaugar virðist lítið sem ekkert samráð verið haft við grasrótarsamtök í Vesturbænum eins og við sjálfstæðismenn höfðum þó óskað eftir, s.s. Knatt-

spyrnufélag Reykjavíkur, Íbúasamtök Vesturbæjar, Prýðifélagið Skjöld og Mími-vináttufélag Vesturbæjar. En fulltrúar meirihluta Samfylkingar og Besta flokksins felldu tillögu sjálfstæðismanna um að samráð yrði haft við þessa aðila um framtíðarþróun laugarinnar á fundi ÍTR 13. janúar 2012.! Í bókun fulltrúa Besta flokksins og Samfylkingarinnar segir: „Fulltrúar Samfylkingarinnar og Besta flokksins telja að staðið hafi verið með stakri prýði að kynningarferli við nýjan heitan pott í Vesturbæjarlaug. Engin fordæmi eru fyrir viðlíka kynningarferli við breytingar á sundlaugum borgarinnar. Umræða um málið hefur farið fram við nokkur tillfelli í Hverfisráði Vesturbæjar. Í almennri kynningu í anddyri laugarinnar komu fram 126 ábendingar frá íbúum hverfisins og notendum laugarinnar.“

Stækkun samþykkt á Skildingatanga 1

Gunnar I Hafsteinsson, Skildinganes 58, hefur sótt um leyfi til byggingafulltrúa að stækka til suðurs, breyta gluggasetningu og innra skipulagi í nýsamþykktu einbýlishúsi við Skildingatanga 1. Erindið var samþykkt enda samrýmist það ákvæðum laga nr. 160/2010. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Deiliskipulag Pósthússtrætisreitar

Skipulagsráð hefur fjallað um fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur dags. 1. Mars sl. en það fjallar um erindi Hótel Borgar og THG Arkitekta. Að lokinni auglýsingu var r lagt fram að nýju erindi Borgarinnar okkar dags. 21. nóvember 2012 varðandi breytingu á deiliskipulagi Pósthússtrætisreitar vegna lóðarinnar nr. 11 við Pósthússtræti. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni, stækkun byggingarreits o.fl. , samkvæmt uppdrætti THG Arkitekta. Auglýsing stóð frá 17. desember 2012 til og með 1. febrúar 2013. Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir: Knút Lütz, dags 18. janúar 2013, Jón Örn Valsson, Eiríkur Óskarsson og Margrét Ragnarsdóttir f.h. húsfélagsins Pósthússtræti 13 og Árný Helgadóttir, Ágúst Jónsson og Ingjaldur Hannibalsson f.h. húsfélagsins Lækjargötu 4 dags. 30. janúar 2013. Einnig var lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. mars 2013. Erindið var samþykkt með þeim skilyrðum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. mars sl. Erindinu var síðan vísað til borgarráðs.

Gamla höfnin - Vesturbugt, breyting á deiliskipulagi

Lögð var fram að nýju á fundi skipulagsráðs lýsing vegna deiliskipulags Vesturbugar dags. 1. október sl. Skipulag Vesturbugar afmarkast af Ánanaustum í vestri og að Slippnum í austri. Einnig voru kynnt drög að deiliskipulagi svæðisins af arkitektunum Jakobi Línal og Kristjáni Ásgeirssyni.

Byggingarleyfi við Bauganes 31A

Grétar Sigfinnur Sigurðarson, Tómasarhaga 19, hefur sótt um leyfi til að byggja einbýlishús, hæð og ris úr forsteyptum samlokueiningum á

lóð nr. 31A við Bauganes. Afgreiðslu erindisins var frestað og því vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

KR og ípróttahús Hagaskóla

Á fundi íprótta- og tómsundaráðs Reykjavíkur var að nýju lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins vegna ípróttahúsanna við Breiðholtsskóla og Hagaskóla: „Í byrjun janúar 2012 var skipaður starfshópur á vegum íprótta- og tómsundaráðs og skóla- og frístundaráðs til að meta hagkvæmni og fjárhagslegan ávinning þess að breyta rekstrarfyrirkomulagi stærri ípróttahúsa við grunnskóla. Kveðið var á um að niðurstöður hópsins yrðu lagðar fyrir ráðin eigi síðar en 1. mars 2012. Á fundi íprótta- og tómsundaráðs 24. ágúst sl. gerðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins athugasemdir við að starfshópurinn hefði aldrei komið saman og óskuðu eftir að úr því yrði bætt sem fyrst. Á þeim fundi lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins jafnframt til að hafnar yrðu viðræður um að ípróttafélag Reykjavíkur tæki að sér rekstur ípróttahúss Breiðholtsskóla og Knattspyrnufélag Reykjavíkur tæki að sér rekstur ípróttahúss Hagaskóla. Þeim tillögum var vísað í umræddan starfshóp en hann hefur hins vegar ekki enn komið saman. Slæleg verkstjórn borgarstjórnarmeirihluta Besta flokksins og Samfylkingar í málinu hefur því orðið til þess að ekki tókst að breyta rekstrarfyrirkomulagi umræddra ípróttahúsa haustið 2012, sem þó hefði verið æskilegt, og hefur þessi töf bitnað á ípróttastarfi áðurnefndra félaga í Breiðholti og Vesturbænum. Þar sem starfshópurinn hefur ekki enn verið kallaður saman óska fulltrúar Sjálfstæðisflokksins eftir því að áðurnefndar tillögur verði lagðar fram til afgreiðslu á næsta fundi íprótta- og tómsundaráðs með það að markmiði að haustið 2013 taki KR að sér rekstur ípróttahúss Hagaskóla og ÍR taki að sér rekstur ípróttahúss Breiðholtsskóla.“ Samþykkt að vísa tillögunni til skoðunar í samráðshópi SFS og ÍTR.

Færanlegar stofur á bílastæði lóðarinnar Frostaskjól 2

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar hefur sótt um leyfi til byggingafulltrúa til að flytja færanlegar stofur; K-39, K-40, K-41, T-19 og T-20 frá Borgarskóla á bílastæði Ípróttahúss KR/Frístundaheimilið Frostheima á lóð nr. 2 við Frostaskjól. Erindið var samþykkt. Áskilin er lokaúttekt byggingarfulltrúa og samþykki heilbrigðiseftirlits.



18 ÁRA 5/9 2017

25/3 2017 LAGT INN
Á FRAMTÍÐARREIKNING
FERMINGARDAGUR 24/3 2017

LÁTTU FERMINGARPENINGINN
VAXA MEÐ ÞÉR



FRAMTÍÐARREIKNINGUR GÓÐUR STAÐUR FYRIR FERMINGARPENINGANA

Framtíðarreikningurinn ber alltaf hæstu vexti verðtryggðra sparireikninga og er laus við 18 ára aldur. Hann er skynsamlegur staður fyrir fermingarpeningana, svo þeir nýtist í framtíðinni til að láta draumana rætast. Ef 30.000 kr. eru lagðar inn á Framtíðarreikning bætum við 5.000 kr. við.*

Hægt er að stofna Framtíðarreikning í næsta útibúi Arion banka.

*Eitt mótframlag fyrir hvert fermingarbarn

Fiskbúðin – leyndarmál á Freyjugötu

Þegar rölt er um Þingholtin er engu líkara en að hraði borgarlífsins hafi látið á sér standa. Ef til vill eiga þröngar götur og þétt byggð þátt í að skapa öðruvísi samfélag en þar sem breiðstræti og auð svæði liggja á milli byggða. Fólk er á gangi. Kastar kveðjum og tekur gjarnan tal saman. Rétt eins og á þorpsgötunni úti á landi. Umræðuefnin eru margvísleg, veðrið, landsmálin. Eitt hvað sem tekur huga fólks hverju sinni. Á horninu á Óðinsgötu og Freyjugötu er eitt þessara mannlífseinkenna og leyndarmál þessa borgarhluta. Fiskbúðin er samkomustaður í hverfinu. Flestir koma gangandi en aðrir á bílum. Bílastæðin eru fá eins og þar byggð er þéttust. En menn stoppa. Fá sér góðgæti hafsins í matinn og spjalla um daginn og veginn. Hjónin í fiskbúðinni hafa líka komið fyrir stól inni í búðinni til að heldri viðskiptavinir geti kastað mæðinni og rætt málin. Sumir búa einir og hitta þarna mann og annan. Gera sér sitt tengslanet. Kannski mætti hafa stólana tvo.



Einar Steindórsson og Þóra Egilsdóttir í Fiskbúðinni á Freyjugötu.

lítill og þegar hún kom heim úr skólanum þá skreið hún stundum undir hillur sem voru á veggnum hér á bakvið mig og sofnaði. Stundum spurðu einhverjir hvort þetta væri barn sem svæfi þarna. Svona var þetta heimilislegt." Nú stundar dóttirin nám í jarðfræði við Háskóla Íslands en kemur enn á Freyjugötuna. Ekki þó til það að njóta hvíldar undir hillum heldur til að aðstoða foreldra sína við verslunarreksturinn. Hún stendur stundum vaktina með föður sínum er líða tekur á daginn. Komumann rak minni til þess er hann hafði keypt hlýraflak en ekki treyst sér til þess að taka roðið af brá hún hnífnum og roðið hvarf á örskoti úr stundu.

Ferskt upp úr sjónum vinsælast

En hvað borðar fólk. Borðar það annan fisk eða öðruvísi með höndlaðan en fyrir 25 árum. Einar

segir fólk helst vilja ferskan fisk. „Flestir sem koma hingað leggja áherslu á að fá fiskinn ferskan og beint úr sjónum þótt alltaf sé nokkuð spurt um marineraðan fisk eða útbúinn í sósu. En það er minnihluti. Fólk vill matreiða fiskinn eftir eigin höfði. Allt frá því að salta hann og sjóða í vatni til þess að styðjast við flóknar uppskriftir.”

- En tegundirnar, eru þær enn þessar sömu?

„Já – þorskurinn og ýsan eru alltaf vinsæl og með árunum hafa fleiri tegundir bæst við. Steinbíturinn og hlýrinn sem er náskyldur honum. Blálanga og fleiri tegundir. Svo er nætursaltaði fiskurinn alltaf vinsæll. Það er eins og fólk fái aldrei leið á honum. Svona hæfilega bragðmikill og auðvitað hollur. Núna er rauðmagatíminn og þeir sem eru vanir honum koma. En það eru ekki allir hrifnir af rauðmaga. Ég held

það fari meira eftir því hverju fólk hefur vanist en matarsmekk. Eins eru hrognin og lifrin alltaf vinsæl enda herramannsmatur að mínum dómi.”

Þingholtin minna á þorpslífið

- Og mannlífið blómstarar áfram, eða hvað?

„Já – það kemur margt skemmtilegt fólk hingað. Ekki síst héðan úr nágrenninu. Talsvert er um lista- og menningarfólk og samræðurnar geta orðið fjörugar. Eins og allir þekki alla. Þetta minnir dálítið á gömlu kaupfélagsstemninguna út um land. Fólk kemur, hittist og spjallar saman. Menn eru ekki alltaf sammála og oft er gert gaman að hlutum hvort sem það eru landsmálin eða eitt-hvað annað sem brennur á fólk. Fólk er nánara og ég held að enginn þurfi að vera einmanna í svona byggð. Eldra fólkíð fær sér

Þorskurinn og ýsan eru alltaf vinsæl og með árunum hafa fleiri tegundir bæst við. Steinbíturinn og hlýrinn sem er náskyldur honum. Blálanga og fleiri tegundir. Svo er nætursaltaði fiskurinn alltaf vinsæll. Það er eins og fólk fái aldrei leið á honum. Svona hæfilega bragðmikill og auðvitað hollur.

göngutúra, kemur við hjá okkur eða fer niður í Bernhöftsbakarí og fær sér brauð og kaffi og les blöðin hjá Sigga bakara. Nýbúarnir setja líka nokkurn svip á umhverfið,“ segir Þóra.

- En borða nýbúarnir fisk?

„Já – þeir eru farnir að koma til okkar og flestir vilja læra að borða fisk hafi þeir ekki þekkt fiskmet áður. Pólverjarnir koma mikið og einnig fólk ættað frá Asíu. Það kann oft betur að meðhöndla fisk en þeir sem koma frá löndum Austur Evrópu sem ekki eiga aðgang að sjó. Asíufólkið er til dæmis mjög hrifið af karfa. Hann fellur greinilega að þeim matreiðsluaðferðum sem það er vant og það notar,“ segir Þóra.

Það líður að hádegi og fyrstu kunnana ber að. Ef til vill sjóða einherjir sér enn ýsu í hádeginu eða eiga bara leið um Freyjugötu-hornið og versla fyrir kvöldið. Kona horfir í borðið og spyr svo hvað þetta sé. Það er hlýri, segir fisksalinn. Er hann góður, segir konan. Mér finnst það, segir fisksalinn, hann er dálítið í ætt við steinbít. Hann er fljótur að roðfletta fyrir konuna og þessi fyrsti viðskiptavinur hefur ákveðið að borða hlýrann í hádeginu eða síðar um daginn. Það leynist ýmislegt skemmtilegt og forvitnilegt á bakvið leyndarmálið á Freyjugötu.

KEFLAVÍK » ÓSLÓ frá 9.900

Með sköttum, aðra leið

KEFLAVÍK » BILLUND frá 17.480

Með sköttum, aðra leið

KEFLAVÍK » KÖBEN frá 9.900

Með sköttum, aðra leið

www.primeraair.com S. 527-6100

Primera Air

SKIPTU UM SKOÐUN

Það er ódýrara.



TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun

Tékkland	8.945
Aðalskoðun	9.840
Frumherji	9.600

Samanburður á verðskrá aðalskoðunar bifreiða undir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, skv. vefsíðum fyrirtækjanna 1. mars 2013

Kópavogstún 2-4

Nokkrar íbúðir eftir!

Samtök aldraðra - Byggingarfyrirtækið Dverghamrar



Nú eru framkvæmdir komnar á lokastig við þetta velbyggða hús á frábærum stað, við næsta nágrenni Sunnuhlíðar í suður hlíðum Kópavogs.

Samtök aldraðra í Reykjavík og byggingarfélagið Dverghamrar vinna að þessu 28 íbúða lyftuhúsi í sameiningu. Öllum íbúðum fylgir stæði í bílageymslu og íbúðirnar eru afhentar fullbúnar með gólfefnum, ísskáp og uppvottavél.

Þær íbúðir sem eru lausar eru 2ja, 3ja herbergja íbúðir og þakíbúð.

Um er að ræða afar metnaðarfulla nýbyggingu á besta stað.

Afhending eignanna er áætluð 15. ágúst 2013.

Verð frá 28,0 - 75,0 millj.



Glæsilegt útsýni af annarri hæð.

Nánari upplýsingar;

**Hjá Fasteignasölunni Mikluborg, Síðumúla 13, Reykjavík, sími 569-7000 og
Samtökum aldraðra, sími 552-6410, Síðumúla 29, Reykjavík,
heimasíða samtakanna www.aldradir.is**

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

Sigurvegari í söngvakeppni Samfés kom úr Vesturbænum

- Margrét Stella söng lagið Ást í leynum

Margrét Stella Kaldalóns úr félagsmiðstöðinni Frosta sigraði Söngkeppni Samfés sem fór fram í Laugardalshöll þann 2. mars sl. Margrét Stella söng lagið „Ást í leynum“ en lagið heitir upprunalega „Uncover“ í flutningi Zara Larson.

Í öðru sæti lenti Guðrún Ólafsdóttir úr Bústöðum með lagið Vetrarnætur sem er frumsamið. Félagsmiðstöðvarnar Þróttheimar, Óríon og 105 skiptu með sér þriðja til fimmta sæti. Hrafnhildur Magnea Ingólfsdóttir úr Þróttheimum söng lagið Stay, Hrafnhildur Kristín Jóhannesdóttir úr Óríon söng lagið Umvafin englum og Laufey Lin úr félagsmiðstöðinni 105 söng lagið Titanium. Fimm manna dómnefnd, skipuð landsþekktum tónlistarmönnum, þeim Ragnheiði Gröndal, Berglindi Björk Jónasdóttur, Péttri Erni Guðmundssyni, Stefání Svavarsdóttur og Gísla Magnasyni, ttöldu hana standa sig best en keppendur úr 30 félagsmiðstöðvum víðs vegar af landinu tóku þátt í keppninni.



Margrét Stella Kaldalóns afar glöð með sigurlaunin.

Tískusýning, handverkssýning og skoðunarferð á Vesturgötu 7

Tískusýning verður í félagsmiðstöð eldri borgara að Vesturgötu 7 12. apríl nk. kl. 14:00. Sýndur verður sumar dömufatnaður í stærðum 10-24, og ýmsir fylgihlutir. Einnig verða sýndar herrapeysur og vesti á góðu verði sem Margrét Sæberg kynnir. Auk þess verður sungið v/flygilinn og dansað í kaffitímanum en boðið verður upp á veislukaffi.

Þann 23. apríl kl. 12:30 verður farið í heimsókn á Bessastaði og skoðunarferð um úthverfi Reykjavíkur og nágrennis. Sam-eiginleg handverkssýning Vitatorgs (Lindargötu 59) og Vesturgötu verður haldin á Vesturgötu 7 dagana 24., 26. og 27 maí nk. kl. 13-16:30. Boðið er upp á skemmtiatriði, veislukaffi og handverksölu alla sýningardagana.



Það er oft fjör á Vesturgötu 7.

ÞEGAR ANDLÁT BER AÐ HÖNDUM

Önnumst alla þætti útfararinnar

ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is



FJÓRIR NÝIR DELUXE RÉTTIR Á MATSEÐLI – ÞÚ VERÐUR AÐ SMAKKA

Wagyu/Kobe nautakjöt

Wagyu/Kobe nautafillet með grillaðum portobello-sveppum og sultuðum rauðlauk

Ferskur sverðfiskur

Nýveiddur grillaður sverðfiskur með romescosósu, capers, Kalamataólífum og pönnusteiktu smækli

Black Label Tapas smáborgari

Hægmeyrnuð ribeye- og rumpsteik með beikonsultu og foie gras á briochebrauði



Til í takmörkuðu magni.



RESTAURANT-BAR
Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík | Sími 551 2344 | www.tapas.is



SPENNANDI NÝJUNG

Nemendur Hagaskóla unnu leiklistarsigur:

Konungur ljónanna sýndur fyrir fullu húsi á öllum sýningum

Nemendur Hagaskóla voru í marsmánuði að sýna söngleikinn Konung ljónanna. Í söngleiknum er ferðast til Afríku og fylgst með litla ljónastrákn-um Simba alast upp og reyna að feta í fótspor föður síns.

Sigríður Birna Valsdóttir, leiklistarkennari í Hagaskóla, hefur sett upp sjö stórar sýningar á síðastliðnum níu árum og þetta er án efa sú viðamesta en yfir hundrað nemendur taka þátt í sýningunni. Um sjötiú nemendur sjá um leik, söng og hljóðfæraleik



og yfir þrjátíu koma að sýningunni bak við tjöldin, en búningar og leikmynd söngleiksins hafa nú þegar vakið verðskuldaða athygli. Hljómsveitar- og kórstjóri sýningarinnar er Björn Thorarensen, en mörg kórlaganna eru sungin á afríska tungumálinu Zulu, sem ljær sýningunni skemmtilegan blæ.



Búningarnir og leikmynd eru gerðir í skólanum undir yfirstjórn Gunnhildar Ólafsdóttur, og eiga sinn þátt í þessum vel heppnaðri sýningu.

Fjölbreytt starfsemi og tækifæri



Nokkrir kátir starfsmenn Vesturreita með viðurkenninguna.

Á dögunum fékk félagsmiðstöðin Vesturreitir að Aflagrandu 40 viðurkenningu fyrir fyrsta skrefið af fjórum í verkefninu „Grænu skrefin“ sem stofnanir innan borgarinnar eru að vinna að. Að sjálfsgöðu stefna starfsmenn Vesturreita á að klára skrefin fjögur.

Stefnt er að því að vera með hjóladag líkt og var fyrir tæpu ári síðan, en stefnt er á að halda hann í maí. Við viljum biðja fólk að fylgjast vel með í næsta Vesturbæjarblaði en þá birtast nánari upplýsingar um hjóladaginn. Fólk getur farið að taka til í geymslum sínum því stefnt er á að vera með markað líkt og í fyrra sem og hjólaviðgerðir og hjólaskipti svo eitthvað sé nefnt.

Vesturbæjarbiskupinn

Stefnt er á að vera með skákmót hér í Vesturbænum fyrir börn á grunnskólaaldri þ.e. frá 1. – 10. bekk í maí, sem kallað hefur verið Vesturbæjarbiskupinn, en upplýsingar um það birtast einnig í næsta blaði. Þjónustumiðstöð Vesturbæjar ásamt Hverfisráði

Vesturbæjar óska öllum þeim aðilum sem komu að sýningu á Konungi ljónanna í Hagaskóla innilega til hamingju með frábært leiklistarverk. Söngleikur þessi var öllum til mikils sóma og sýnir vel hversu mikið af flottum ungmennum við Vesturbæingar eigum, en á annað hundrað nemendur taka þátt í þessum söngleik sem er leikstýrt af Sigríði Birnu Valsdóttur leiklistarkennara í Hagaskóla.

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is



Snjallt að kíkja á okkur á **adal.is**

HJÁ AÐALSKOÐUN ERT ÞÚ Í GÓÐUM HÖNDUM

Við erum með fjórar skoðunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og eina í Reykjanesbæ. Paulreyndir og þjónustuliprir fagmenn taka á móti þér á þeim öllum. **Hlökkum til að sjá þig!**

Aðalskoðun, faggildur skoðunaraðili í 19 ár

Við getum minnt þig á þegar þú þarft að láta skoða bílinn á næsta ári. Skráðu þig á póstlistann hjá okkur þegar þú kemur með bílinn í skoðun og þú gætir unnið **200 lítra eldsneytisúttekt.**



Opið kl. 8-17 virka daga – sími 590 6900

Aðalskoðun

www.adalskodun.is og www.adal.is

Reykjavík
Grjóthálsi 10
Sími 590 6940

Reykjavík
Skeifunni 5
Sími 590 6930

Hafnarfjörður
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

Kópavogur
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 590 6935

Reykjanesbær
Holtsgötu 52
(við Njarðarbraut)
Sími 590 6970

SALON REYKJAVÍK

KYNNIR HÁRLIT ÁN AMMONÍAKS, PARABENS, FORMALDEHYDE, RECORCINOL EÐA PLASTS

organic
color systems

- ÞEKUR GRÁTT HÁR 100%
- FALLEGUR LITUR
- SKEMMIR EKKI HÁRIÐ
- FRÁBÆR GLANS
- ENDINGAGÓÐUR
- LÍFRÆNT VOTTUÐ INNIHALDSEFNI* (SOIL ASSOCIATION)
- STENST KRÖFUR UM VEGAN (PETA VOTTUÐ)
- EKKI PRÓFAB Á DÝRUM (PETA VOTTUÐ)

*(SUM EFNI)

SALON REYKJAVÍK GRANDAGARÐI 5 101 REYKJAVÍK
OPIÐ MÁN-FÖS: 9-18 LAU: 10-13 SÍMI: 56 85 305

Betra hverfi:

Um 600 hugmyndir bárust



Um 600 hugmyndir um Betri hverfi bárust Reykjavíkurborg en Reykjavíkurborg hefur ákveðið að fresta rafrænum íbúakosningum um Betri hverfi sem halda átti dagana 14. – 19. mars nk. fram yfir páska. Kosningarnar verða í staðinn haldnar dagana 4. – 11. apríl.

Í kosningunum velja íbúar ýmis framkvæmdaverkefni í hverfum Reykjavíkur sem hugmyndir hafa komið að í gegnum vefsvæðið Betri hverfi á samráðsvefnum Betri Reykjavík. Að sögn Hilmars Magnússonar verkefnisstjóra Betri Reykjavíkur er ástæðan fyrir frestuninni sú að gríðarlegur fjöldi hugmynda barst frá íbúum inn á vefsvæðið Betri hverfi. Fagteymi á vegum borgarinnar fer yfir allar hugmyndirnar ásamt íbúanefndum sem voru valdar á íbúafundum borgarstjóra í janú-



ar. Þá hafa hverfisráðin í borginni aðkomu að uppstillingu á hugmyndum sem stillt verður upp í kosningunum.

Stíllt verður upp allt að 30 hugmyndum í hverju hverfi en fyrst þarf að kostnaðarmeta allar hugmyndirnar og meta hvort það er á færi borgarinnar að framkvæma þær. Til þess að vera tæk- ar í kosningu verða hugmyndir að vera tiltölulega auðframkvæmanlegar og ekki krefjast mikils samráðs við aðra aðila. Þær þurfa að vera innan fjárheimildar hverfisins, falla að skipulagi og vera í verkahring borgarinnar, svo eitt- hvað sé nefnt.

Frostaskjól fær tæplega 3 milljónir úr Þróunarsjóði skóla- og frístundaráðs

Frístundamiðstöðin Frostaskjól fékk úthlutað tæplega þremur milljónum króna úr Þróunarsjóði skóla- og frístundasvið. Vesturbæjarblaðið heyrði í Guðrúnu Kaldal forstöðumanni til að fá nánari upplýsingar um verkefnið sem hlutu styrk.

Guðrún er mjög ánægð með að þeirra verkefni hafi hlotið brautargengi hjá ráðinu. Verkefnið „lýðræði í leik og starfi“ hlaut eina milljón króna styrk, eða hesta styrk af þeim verkefnum sem þau sóttum um. Um er að ræða samstarfsverkefni milli Frostaskjól og Vesturbæjaskóla. Verkefnið er í takt við áherslur skóla- og frístundaráðs um að auka á flæði milli skóla og frístunda og vinna á lýðræðslegan hátt með börnum í 5. - 7. bekk en Frostaskjól er einmitt þekkingarmiðstöð í lýðræðis- og mannréttindavinnu með börnum og unglingum.

Önnur verkefni sem hlutu styrk í Frostaskjóli eru „félagsmiðstöð á hjólum“ sem hlaut



900 þúsund krónur og gengur út á það að færa félagsmiðstöðina út til barna og unglinga í sumar. Einnig fékk tölvuklúbburinn Hax 500 þúsund krónur, frístundaráðgjöf í Félagsmiðstöðinni Frosta fékk

50 þúsund krónur og bókaklúbburinn í Frosta fékk 250 þúsund krónur. Vel gert hjá starfsmönnum Frostaskjól!

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI
511 1188
www.borgarblod.is

Heilkorn heilsunnar vegna

Heilkorn er í kornvörum og getur það verið annað hvort sem heilt korn eða malað. Það er mikilvægt að allir hlutar kornsins fylgja með.

Dæmi um heilkornavörur eru heilhveiti, rúgur, bygg, hafrar.

Heilkorn er mjög holl fæða. Í þeim er fjöldi næringarefna sem eru líkamanum mikilvæg.

Einnig er trefjaríki heilkorn mikilvæg til að halda meltingu í góðu jafnvægi.

Þeir sem neyta trefjaríkrar hollra fæðu eins og heilkorns, eiga síður á hættu að fá langvinna sjúkdóma á borð við hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki af gerð 2 (fullorðinssykursýki) og sumar tegundir krabbameina.

Kornax hveitimylla | Brúarvogi 1 - 4- 104 Reykjavík
Sími: 540 8700 | kornax@kornax.is | www.kornax.is



Stóra upplestrarkeppnin 2013:

Frábær upplestur í Ráðhúsinu



F.v. er Elísabet Thea Kristjánsdóttir í Landakotsskóla sem varð í 2. sæti, Iðunn Gígja Kristjánsdóttir í Háteigsskóla sem bar sigur úr býtum, og í 3. sæti Dagbjört Ellen Júlíusdóttir í Melaskóla.

Fjórtán börn í 7. bekk frá Grandaskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla, Melaskóla, Austurbæjarskóla, Vesturbæjarskóla og Landakotsskóla kepptu til úrslita í Stóru upplestrarkeppni sl. fimmtudag, en lokahátíð fyrir Vesturbæ, Miðborg og Hlíðar fór þá fram í Ráðhúsinu.

Að keppninni standa Heimili og skóli, Íslensk málnefnd, háskóli Íslands, Kennarasamband Íslands, Rit höfundasamband Íslands, Samtök móðurmálskennara og Samtök forstöðumanna almenningabókasafna.

Börnin sem kepptu í Ráðhúsinu eru öll sigurvegarar þar sem þau unnu keppnina í sínum skólum, en í Ráðhúsinu bar Iðunn Gígja Kristjánsdóttir í Háteigsskóla sigur úr býtum, í 2. sæti var Elísabet Thea Kristjánsdóttir í Landakotsskóla og í 3. sæti Dagbjört Ellen Júlíusdóttir í Melaskóla.



Hákon Elliði Arnarson Vesturbæjarskóla les fyrir salinn í Ráðhúsinu.



Helgihald í Neskirkju um páskana

Skírdagskvöld

Messa kl. 20.00. Við lok messunnar verður altarið afskrýtt og á það lagðar 5 rósir sem tákni um sármerki Krists. Kór Neskirkju syngur. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Sr. Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar fyrir altari.

Föstudagurinn langi

Guðsþjónusta kl. 11.00. Píslarsagan lesin. Hallveig Rúnarsdóttir syngur einsöng. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Prestur sr. Sigurður Árni Þórðarson.

Páskadagur

Hátíðarmessa kl. 8.00. Hátíðartón. Kór Neskirkju syngur. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Sr. Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar fyrir altari. Morgunverður og páskahlátur eftir messu.

Upprisutónleikar kl. 10.00. Steingrímur Þórhallsson organisti flytur tónlist.

Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.00. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Stundin er í umsjón Sigurvins Jónssonar æskulýðsprests. Páskaeggjaleit að lokinni guðsþjónustu.

Annar í páskum

Fermingarmessa kl. 11. Félagar úr kór Neskirkju syngja. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Prestar sr. Örn Bárður Jónsson og sr. Sigurður Árni Þórðarson.

Endurvinnslutunнан

Raunhæfur valkostur fyrir Reykvíkinga

Fyrir 7 árum hóf Gámaþjónustan hf. að bjóða upp á Endurvinnslutunnu á höfuðborgarsvæðinu til flokkunar á heimilissorpi. Í hana mega fara **SJÖ** flokkar af efnum, allt laust í tunnum nema rafhlöður sem fara í þar til gerða poka. Aðeins Endurvinnslutunnan biður upp á þetta marga flokka í sömu tunnu, sem er mikil hagræðing. Allt sem í Endurvinnslutunnuna fer er síðan flokkað í móttöku- og flokkunarstöð Gámaþjónustunnar hf., baggað og gert klárt til útflutnings. **Endurvinnsla okkar er ábyrg og örugg!**

Reykvíkingar, kynnið ykkur vel hvaða valkostir eru í boði:

Þið eigið val um að panta **Endurvinnslutunnuna** frá Gámaþjónustunni en í hana má setja **SJÖ flokka** af endurvinnsluefnum.

Okkar lausn er umhverfisvæn, ódýr og sparar þér sporin.

Ekkert skrefagjald!

ET+

Þarft þú að losna við raftæki? Við sækjum stærri raftæki til viðskiptavina Endurvinnslutunnunnar þeim að kostnaðarlausu.



Kynnið ykkur allt um Endurvinnslutunnuna á **endurvinnslutunнан.is**



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMhverfi - BETRI FRAMTÍÐ



Dvalar- og hjúkrunarheimilið Grund.

Vegamót á Grund

Á fjórðu hæð Grundar í vesturhúsinu býr fólk sem er með minnissjúkdóma. Stjórn Grundar hefur tekið þá ákvörðun að fíkra sig þar í átt að Eden hugmyndafræðinni. Í því felst að þar er ekki lengur talað um deild heldur heimili og hefur því nafnið V-4 vikið fyrir heitinu Vegamót. Á Vegamótum er ekki lengur vesturgangur og suðurgangur heldur hafa þau heiti vikið fyrir Suðurgötu og Vesturgötu. Þá hefur starfsmannafatnaður verið aflagður þar og starfsfólk er í eigin fatnaði þó auðvitað sé þar hlífðarfatnaður fyrir starfsfólk þegar á þarf að halda. Þá börðar starfsfólk með heimilisfólki og láta allir mjög vel af þessum breytingum.

Ýmsar fleiri breytingar eru gerðar þar á fyrirkomulagi og er mikil áhersla lögð á að lífssaga

